

HUGMYNDALISTI

TRÖLL Á NORÐURLÖNDUM

8

SÍÐUR AF
HUGMYNDUM AÐ
DAGSKRÁ

NORRÆN TRÖLL Í ÖLL
BÓKASÖFN OG SKÓLA
Á NORÐURLÖNDUNUM

AÐ AUKI!

Stórlega bættur listi með
ábendingum um bækur
og kvikmyndir um tröll á
Norðurlöndum



NORRÆN
BÓKASAFNAVIKA

#trollinorden



facebook.com/bibliotek.org



INNIHALD

03	Velkomin á Norrænu bókasafnavíkuna!
04	Tröll á Norðurlöndum
05	Í ljósaskiptunum: Dagrenning
08	Í ljósaskiptunum: Sólarlag
09	Hugmyndalisti
10	Hugmyndir – Í ljósaskiptunum: Dagrenning
12	Hugmyndir - Í ljósaskiptunum: Sólarlag
13	Myndskreyting ársins
14	Hugmyndir að öðru lefni
16	Hugmyndir að kvikmyndum

INSTAGRAMSAMKEPPNI: #TROLLINORDEN

Hvernig líta norrænu tröllin þín út?
Taktu þátt í **INSTAGRAMSAMKEPPNI**
NORRÆNU BÓKASAFNAVIKUNNA
með því að merkja tröllamyndirnar
þínar með **#TROLLINORDEN**. Sendu
inn myndir af tröllum eða trölladagskrá
með instagram, facebook eða tölvupósti.
Við drögum út vinningshafa.

VERKEFNISSTJÓRI.....	ANNE MALMSTRÖM
HÖFUNDUR.....	MALENE BERTHELTSEN LINDGREN
MYNDSKREYTIÐ	BRIAN PILKINGTON
HÖNNUNOGUMBROT.....	MARTINMOHROLTSEN

SÉRSTAKAR ÞAKKIR:

BIRGITTA ENGMAN, HEIDI LÖNNE-GRØNSETH, STEFÁN VILBERGSSON, SUSANNA PUISTO, NATASJA HVALSØE-ANDRESEN, ERIKA NIELSEN BAADH, EVA GUSTAFSSON-LINDVALL, ANNICA ANDERSSON, MERETE RIBER, RUNE CARLSSON, MARIT GUNHILD SARA, BRIGITA URMANAITE, EHA VAIN, IEVA HERMANSONE, KALLE GÜETTLER, ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR, RAKEL HELMSDAL, FORLAGID, BFL, KABUSA BÖCKER, SCHILDT'S & SÖDERSTRÖMS, BULLS LICENCING, STEFAN SPJUT, ALBERT BONNIERS FÖRLAG, HEYDAY.



NORRÆN
BÓKASAFNAVIKA



FNF
FORENINGERNE
NORDENS FORBUND



norden

Norræna ráðherranefndin

VELKOMIN Á NORRÆNU BÓKASAFNAVIKUNA!

ÞANN 10. NÓVEMBER 2014 safnast börn og fullorðnir saman í 18. skipti í skólum og á bókasöfnum á öllum Norðurlöndum til að hlusta á upplestur á norrænum bókmenntum. Upplestrartíminn fyrir börn og unglingar er kl. 9 að morgni og kl. 19 um kvöldið er textinn fyrir fullorðna lesinn upp.

Alla vikuna er boðið upp á margvíslega upplestra, sýningar, umræður og menningarupplifanir á þúsundum bókasafna, skóla og öðrum samkomustöðum á öllum Norðurlöndunum og nágrannasvæðunum.

Hugmyndalistanum er ætlað að benda starfsmönnum skóla og bókasafna á hvernig hægt er að framkvæma Norrænu bókasafnavíkuna og ekki síst hvernig dagskrá hægt er að bjóða upp á í tengslum við þemað, bækurnar og myndskreytingu ársins.

*“alla vikuna er boðið
upp á margvíslega
upplestra, sýningar,
umræður og
menningarupplifanir
á þúsundum
bókasafna,
skóla og öðrum
samkomustöðum
á öllum*

*Norðurlöndunum og
nágrannasvæðunum.*

prenta út af heimasíðunni. Þar er líka hægt að finna leiki, myndbönd, upplestur, tónlist og margt annað spennandi sem hægt er að nota í tengslum við upplesturinn.

Þema ársins er „**TRÖLL Á NORÐURLÖNDUM**“ og við höfum viðað að okkur frábærum norrænum tröllabókum sem bíða bara eftir að verða dregnar fram í dagsljósið til að vera lesnar. Setjið ykkur í stellingar til að verða bergnumin!

Í ár höfum við tekið saman nýjar uppástungur að því sem hægt er að gera, til dæmis er hægt að klippa út tröllumyndir og leika með í eigin tröllaveröld. Þær er hægt að



TRÖLL Á NORÐURLÖNDUM

“

Þegar maður talar um tröll þá stendur það í anddyrinu”

Þannig hljómar sænskur máls-háttur frá árinu 1678. Það á heldur betur eftir að rætast í haust. Tröll á Norðurlöndum er nefninlega þema ársins á Norrænu bókasafnavíkunni. Til eru ótrúlega mörg tröllaaftbrigði á Norðurlöndum. Þau leggja á þig álög og gera þig bergnuminn, þau eru oft þjófótt og stela gulli og skarti. Þau ræna líka börnum og skipta þeim út fyrir sína eigin tröllaunga.



Tröllin eiga sínar rætur í norrænum goðsögnum og birtast fyrst í Eddunni sem jötnar í kringum 1220. Á níttjándu öld blómstruðu tröllasögurnar enn á ný, ekki síst í ævintýrum Asbjørnsens og Moe.

Tröllin eiga heima á óaðgengilegum svæðum í náttúrunni og það getur

verið hættulegt fyrir menn að reyna að finna þau. Hægt er að rekja uppruna margra trölla til goðsagna Norðurlandanna, en það er líka munur á þeim eftir löndum. Í Jötunheimum fleygðu jötnarnir steinum í hvert annað í miklum bardögum og enn í dag er hægt að sjá mikla hnullunga í brekkum sem jötnar hafa kastað.

Danmörk fela tröllin sig í gjótum í skóginum en á Borgundarhólmi má finna Kröllebölle, lítinn trölladrengr sem býr þar með fjölskyldu sinni. Í Finnlandi er hægt að rekast á peikko (tröll) í skóginum, en þekktustu tröllin búa í Múmíndalnum. Tröllin verða að steini þegar sólin skín á þau í Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Auk þess kemur tröllskessan Grýla til byggða á hátíðum. Hún er einstaklega skelfileg á Íslandi. Hún kemur niður úr fjöllum fyrir jól til að sækja sér óþekk börn í pokann sinn og étur þau svo í kvöldverð. Svo eru líka til goðsagnir um álfa. En af því að þeir eru litlir, ósýnilegir og búa í eða undir steinum hafa ekki margir séð þá.

Tungumálið hefur líka að geyma tröllaspor. Maður getur verið tröllvaxinn, rekið upp tröllahlátur og haft tröllatrú á einhverju. Í netheimum er talað um nettröll.

Í upplestrartextum ársins birtast tröll okkur í ýmsum myndum. Í **SKRÍMSLAERJUM** kynnumst við tröllslegum ólátabelgjum sem geta ekki ákveðið saman í hvaða leiki þeir ætla. Í **EYJUNNI HANS MÚMÍNPABBA** eftir Tove Jansson rær Múmínfjölskyldan út



á haf til að upplifa ný ævintýri. **STALLO** eftir Stefan Spjut er ein nýjasta bókin um tröll í norrænum samtímabókmenntum og lýsir norrænni, sérstaklega sænskri og samískri, menningu og trölladulúð á afskaplega raunverulegan máta.

Á listanum yfir ítarefni er að finna norræna texta allt frá þrettándu öld fram til dagsins í dag. Öll Norðurlöndin eiga þar að minnsta kosti einn texta og saman veita þeir heilstæða norræna tröllaupplifun.

Í LJÓSAKSIPTUNUM: DAGRENNING UPPLESTUR FYRIR BÖRN

Upplestrarstundin fyrir börn er um morguninn. Í ár leggjum við sérstaka áherslu á tvær bækur til upplestrar um morguninn. Fyrri bókin, **SKRÍMSLAERJUR**, hentar yngri börnunum á aldrinum 3 – 8 ára. Seinni bókin er sígild saga eftir Tove Jansson, **EYJAN HANS MÚMÍNÞABBA**, sem er aðallega ætluð eldri börnum en fullorðnir eiga ekki síður að geta notið hennar.

SKRÍMSLAERJUR

(2013)

Það er auðvelt fyrir mig að hoppa í París, en stóra skrímslið dettur kylliflatt! – Klaufabárður í grænum bomsum, hle ég. – Ég er að minnsta kosti ekki í rauðum smábarnaskóm! urrar stóra skrímslið.

Litla skrímslinu og stóra skrímslinu leiðist og þau geta ekki komið sér saman um í hvaða leik þau eigi að fara. Litla skrímslið vill hoppa í París en stóra skrímslið vill frekar fara á veiðar. Þetta verða miklar erjur sem enda með heljarinnar rifrildi, uppnefningum og höggi – beint í augað! Litla skrímslið fær verk í magann. Kannski slasaðist stóra skrímslið og er leitt?

SKRÍMSLAERJUR er æsifengin og skemmtileg saga af skrímslavandræðum sem enda þó í venskap.

Bækurnar um litla og stóra skrímslið hafa öðlast stóran lesendahóp á Norðurlöndum og hlotið fjölda verðlauna. Skrímslaerjur kom út árið 2013 og var tilnefnd til barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs sama ár.

KALLE GÜETTLER, RAKEL HELMSDAL & ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR

Þríeykið hefur hingað til gefið út sjö bækur um litla skrímslið og stóra skrímslið. Bókaflokkurinn hefur náð vinsældum, bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

Kalle Güettler (f. 1949) frá Svíþjóð er með mörg járn í eldinum og hefur gefið út bækur í mismunandi skáldskaparformum fyrir ýmsa aldurshópa. Hann kom fram á sjónarsviðið sem ritskáld árið 1990 með unglingabókinni **DRÖMMEN** og hefur síðan hlotið margvísleg verðlaun.

Rakel Helmsdal (f. 1966) frá Færeyjum kennir leiklist og skapandi skrif auk þess að reka eigið brúðuleikhús. Allt frá því að fyrsta bók hennar **TEY KALLA MEG BARA HUGO** kom út árið 1995 hefur hún skrifað margar barna- og unglingabækur, en þekktust er hún fyrir skrímslabækurnar.

Áslaug Jónsdóttir (f. 1963) er íslenskur rithöfundur, myndskreytir og leikskáld. Hún hefur unnið sér sess innan norræna listageirans með miklum umsvifum á þessum velli og hefur m.a. hlotið barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar og íslensku myndskreytiverðlaunin Dimmalimm tvisvar sinnum.



Í LJÓSAKÍPTUNUM: DAGRENNING

UPPLESTUR FYRIR BÖRN



TOVE JANSSON

(1914-2001)

Tove Jansson fæddist 9. ágúst 1914 og er haldið upp á 100 ára afmæli hennar í ár. Hún er þekktust fyrir teiknimyndirnar og bækurnar um Múmínálfana, en var að auki afkastamikill og duglegur myndlistamaður. Múmínálfarnir komu fyrst út á bók árið 1946 og slógu í gegn á heimsvísu þegar Hattur galdrakarlsins kom út árið 1948.

Hún er heimsfræg enda hafa bækurnar komið út í 20 milljón eintökum á 50 mismunandi tungumálum. Ein hugsanleg skýring á því er að sögurnar eru margþættar og höfðabæði til barna og fullorðinna. Auk þess að skrifa bækurnar um Múmínálfana var hún beittur húmoristi og öflugur samfélagsgagnrýnandi á árunum kringum heimsstyrjöldina síðari.

WikiCommons/Tove Jansson

EYJAN HANS MÚMÍNPABBA

(1965)

„Líttu á bátinn, líttu á
Ævintýrið“, sagði hann.
„Bátur um nótt – er
það ekki stórkostlegt?
Einmitt svona á að hefja
nýtt líf – með logandi
stormlugt á siglutoppnum...
strandlengjan hverfur í
myrkrið að baki okkur,
heimurinn allur liggur og
sefur. Ekkert í veröldinni
jafnast á við að ferðast á
naturþeli“.

Lífið í Múmíndalnum er orðið hversdagslegt og múmínpabba finnst hann ekki vera til neins gagns lengur. Þegar fjölskyldan vekur hann ekki af blundi til að slökkva sinubruna í haganum er honum nóg boðið. Fjölskyldan tekur þá til þeirra ráða að fara

út að vita langt úti á hafi. Þar getur múmínpabbi aftur tekið stjórnina og fundist hann vera mikilvægur. En lífið á eyjunni er ekki alveg eins og fjölskyldan hafði hugsað sér. Eitthvað er að, og er sem að eyjan vilji ekki að þau séu þar. Múmínmamma er vansæl og malar bakgarð inni í vitanum, en múmínsnáðinn hrífst af sæhesti og flyst að heiman. Þrátt fyrir að múmínpabba finnst hann vera mikilvægur þá líður fjölskyldunni ekki vel. Hvað þarf að gera til að þau geti flust aftur í Múmíndalinn og haft það jafngott og áður fyrr?

Útdrátturinn sem varð fyrir valinu er lýsandi fyrir mörg af þeim bókum, til að mynda einmanaleika, ferðalög, að hafa þýðingu fyrir aðra og að veita öðrum það rými sem þau þarfnast. Bókin getur vakið börnin til umhugsunar um það hlutverk sem þau hafa innan fjölskyldunnar, að það sé mikilvægt að hugsa um aðra og það sem gerist þegar maður fer í burtu og kemur aftur heim.



Í LJÓSASKIPTUNUM: DAGRENNING UPPLESTUR FYRIR BÖRN

FYRIR UPPLESTUR

Hægt er að magna upp stemninguna áður en upplesturinn hefst. Það getur verið góð hugmynd að kveikja á kerti til að mynda dimma og tröllslega stemningu. Mögulega er hægt að kveikja á skjávarpa og sýna bókina á dúk í kennslustofunni eða á bókasafninu svo að allir geti skoðað hana samtímis. Það gæti líka verið gaman að lesa upp bókina á frummálinu eða á einhverju öðru norðurlandamáli.

Útdrátturinn úr **EYJUNNI HANS MÚMÍNÞABBA** er aðgengileg á heimasíðu bókasafnavikunnar nokkrum vikum áður en hún hefst. **SKRÍMSLAERJUR** er öll aðgengileg á heimasíðu bókasafnavikunnar, en við mælum með því að bókin sé keypt eða fengin að láni til að upplifa lesturinn sem allra best.

Bæði kennarar og skólabókasafnsfræðingar geta lesið upp fyrir börnin. Annars er hægt að fá leikara, rithöfund, sagnapul eða einhvern annan sem er áhugasamur um bókmenntamiðlun til að gera það.



Anne Malmström

Í LJÓSAKSIPTUNUM: SÓLARLAG

UPPLESTUR FYRIR FULLORÐNA

STEFAN SPJUT

Sænski rithöfundurinn Stefan Spjut fæddist árið 1973 og býr í Stokkhólmi. Hann er menntaður blaðamaður og hefur starfað sem gagnrýnandi fyrir mörg sænsk dagblöð. Fyrsta bók hans, **FISKARENS GARN**, kom út árið 2008 en hún hafði verið 15 ár í smíðum. Stallo er önnur bókin eftir Stefan Spjut. Hún er gefin út í 13 löndum og kvikmynd verður gerð eftir henni.

STALLO

Það var sem að efasemdir hans væru við það að gufa upp. Rétt eins og þær væru allar að sogast burt. Sussi vissi sjálf hvorki upp né niður. Henni leið ekki vel. Það kom og fór en slepti ekki afhenni takinu. Og nú fann hún hvernig það boraði sig sífellt lengra inn. (...) Hún áttaði sig ekki lengur á því hvað mætti telja eðlilegt og hvað væri óeðlilegt og það gerði hana ringlaða. - Halló, sagði Barbro varlega með sönglandi röddu, er einhver heima?

Árið 1987 tekur flugljósmyndarinn Gunnar Myrén mynd af birni. Þegar hann framkallar myndina sér hann að eitthvað situr á baki bjarnarins. Það er hvorki dýr né maður, heldur eitthvað þar á milli.

Árið 2004 hefur Edith, gömul kona frá Jokkmokk, samband við barnabarn Gunnars Myrén. Hún hefur séð dvergvasna veru fyrir utan hús sitt og biður Susso, sem hefur erft áhuga afa síns á dulverufræði, um að setja

upp eftirlitsmyndavél í garðinum. Skömmu síðar hverfur Mathias, barnabarn Edithar, sporlaust. Það er byrjunin á hættulegum eltingarleik milli tveggja veruleika sem enginn ætti að taka þátt í sem óttast það sem gæti falið sig í norrænu skógunum: vættir, yfirnáttúrulegar verur, tröll og stallo.

Stalloarnir eru upprunnir úr samískri goðafræði. Þeir eru að hluta til manneskjur, að hluta til tröll og geta umbreytt sér. Þeir vilja helst fá að vera í friði og forðast manneskjur svo lengi sem mennirnir halda sig frá þeim.

Annars geta orðið vandræði. Sérstaklega þurfa börn að gæta sín, stalloarnir eru ákaflega hrifnir af ungvíðinu.

FYRIR UPPLESTUR

Norræna bókasafnavikan hefur valið út þrjú textabrot úr Stallo sem veita góða heildarsýn á bókina. Fyrsti útdrátturinn er viðtal við Susso um afa hennar og tröllaljósmýndirnar sem hún hefur tekið. Það gefur góða hugmynd um umfjöllunarefni bókarinnar. Annar útdrátturinn segir frá því er Susso, Thorbjörn og Gudrun hitta furðudýrið Humpe. Í þriðja útdráttinum kemur berlega í ljós hversu hættulegt það er að umgangast tröll og stalloa.

Útdráttirnir eru aðgengilegir á heimasíðu bókasafnavikunnar nokkrum vikum áður en hún hefst. Bókasafnsfræðingar eru oft góðir sögumenn. Ef ástæða þykir til þá má láta utanaðkomandi aðila lesa upp textana, til dæmis rithöfund, leikara, sagnapul eða einhvern annan sem hefur áhuga á bókmenntum og upplestri, frásögn og menningarmiðlun.



HUGMYNDALISTI

Í LJÓSAKÍPTUNUM: DAGRENNING

Hvort sem maður trúir á tröll eða ekki þá hafa flest börn og fullorðnir kynnst þeim. Þau er að finna í bókum, kvikmyndum, í skógum og upp í fjöllum og á öðrum óvæntum stöðum. Við vonum að þema ársins muni vekja tröllin úr dvala og kveikja trölslega og töfrandi stemningu í skólum og á bókasöfnum. Í hugmyndalistanum geturðu fundið mýmargar tillögur að því sem hægt er að gera, bæði inni og úti, ein eða saman.



BÚÐU TIL EIGIN TRÖLLAHEIM

Í ár er hægt að sækja skemmtilegar tröllamyndir á heimasíðuna til að búa til eigin tröllaheim. Hugmyndin er að börnin eigi hvert um sig eða sameiginlega að teikna eða mála landslag, t.d. skóg, fjallendi, eða kofabyggð og svo færa inn tröllamyndirnar og leika með þær í því umhverfi. Maður getur líka notað ýmislegt úr náttúrunni, eins og mosa, gras og jarðveg, í landslagið.

INSTAGRAMSAMKEPPNI: #TRÖLLINORDEN

Hvernig líta þín norrænu tröll út? Merktu tröllamyndirnar þínar með **#TROLLINORDEN** og taktu þannig þátt í instagramsamkeppni Norrænu

bókasafnavíkunnar. Sendu inn myndir af tröllum eða tröllaviðburðum með instagram, facebook eða tölvupósti. Upplýsingar um hvert og hvernig á að senda myndirnar eru á WWW.BIBLIOTEK.ORG. Við drögum út verðlaunahafa meðal þátttakenda.

TALIÐ UM TRÖLL Í BEKKNUM

Hversu mörg tröll eru eiginlega til? eru tröllin mismunandi eftir svæðum? Hvað gera tröllin og eru til góð tröll, eða eru þau öll vond og óþekk? Það getur verið góð upphitun fyrir upplesturinn að tala um tröllin og það kemur ímyndunaraflinu af stað. Góð hugmynd er að ræða um tröllin með útgangspunkt í þjóðsögum Jóns Árnasonar, múmínálfunum eða tröllunum úr ævintýrasögum Asbjørnsen & Moes.

Þetta getur líka verið gott tilefni til að ræða um vináttu og

HUGMYNDALISTI

Í LJÓSAKRIPTUNUM: DAGRENNING

fjölskyldubönd. **SKRÍMSLAERJUR** fjallar um vináttu, rifrildi og sættir. Allir þekkja það að láta sér leiðast, reiðast og verða aftur vinir. Þess vegna er hægt að tala við börnin um þeirra reynslu af þessu. Til dæmis er hægt að spyrja hvað þau kalli vini sína þegar þau eru reið við þá og hvernig það er að biðjast síðan fyrirgefningar.

Fjallað er um fjölskyldubönd á áhugaverðan hátt í **EYJUNNI HANS MÚMÍNPABBA**. Hvaðahlutverk hafa meðlimir múmínfjölskyldunnar og eru þau breytanleg? Hvernig eru hlutverkin í fjölskyldum barnanna? Eru þau svipuð og hjá múmínálfunum eða einhvern veginn öðru vísi?

LEIKRIT

Stundum er auðveldara að tjá sig með öllum líkamanum en með röddinni einni. Til eru margar þekktar tröllasögur og því gæti verið gaman að breyta sögunum í leikrit. Það er líka hægt að búa til eigið leikrit og láta ímyndunaraflíð svífa yfir klettabjörgum. Það væri líka skemmtilegt að búa til eigin búninga: notið hluti úr náttúrunni eins og mosa, ull, greinar, bork og jafnvel gömul og slitin föt og andlitsmálningu til að gera börnin eins lík tröllum og mögulegt er. Vel gæti verið gerlegt að búa til kvikmynd.

Börnin geta líta sett upp leikrit með útgangspunkt í upplestrarbókunum. Í **SKRÍMSLAERJUM** eru samtölin til dæmis með stuttum og skemmtilegum setningum og þar væri gaman að búa til

raddirnar fyrir skrímslin. **EYJAN HANS MÚMÍNPABBA** inniheldur margar af sögupersónunum úr múmínsagnaheiminum, sem þýðir að margir geti tekið þátt í leikritinu. Sagan er dramatísk og það ætti að vera auðvelt fyrir börnin að lifa sig inn í hana.

TEIKNID, SKRIFIÐ OG LESIÐ

Teiknið og skrifið ævintýri eða ljóð um tröll. Yfirskriftin gæti t.d. verið „Tröllaveiðar“, „Vinur minn, trölíð“, „Ævintýri Gnurrk tröllafjölskyldunnar“ eða „Ferðin í tröllaskógin.“ Smábörn geta litað tröllamyndirnar sem er hægt að finna undir



HUGMYNDALISTI

Í LJÓSAKRIPTUNUM: DAGRENNING

„efni“ á heimasíðunni, eða fengið innblástur frá Skrímslaerjum eða einhverri af hinum bókunum á bókalistanum.

Eldri börn geta skrifað sögu í líkindum við sögurnar um múmínálfana eða eitthvað ævintýri. Þau geta líka skrifað sögu á borð við Eyjuna hans Múmínþabba. Hvert langar þau til að ferðast og hvers konar „tröll“ í raunveruleikanum vilja þau losna við?

Börnin geta skrifað og teiknað saman og svo lesið upp og sýnt myndirnar sem þau hafa teiknað. Önnur hugmynd er að búa til plaköt fyrir mismunandi gerðir trölla. Hafið gjarnan við tröllumyndina á heimasíðunni til hliðsjónar.

Maður getur líka notað saman upplestrarbækurnar og aðrar bækur af bókalistanum eða þær bækur sem hafa verið tilnefndar til verðlauna Norðurlandaráðs fyrir barna- og unglingabókmenntir árið 2014.

FARIÐ Á TRÖLLAVEIÐAR!

Farið út í náttúruna og leitið að tröllum. Er einhvers staðar í grennd við skólann eða bókasafnið umhverfi sem er frekar dulúðlegt? Athugið hvort þig getið fundið vísbendingar um að tröll hafist þar við og leggið jafnvel slóða í náttúruna (tröllaslóða). Þar sem ekki er gott aðgengi að náttúrunni er hægt að fá aðgang að kjallaranum í bókasafninu eða skólanum eða öðrum stöðum sem auðvelt er að felast og leita þar að tröllum.

LEIKIÐ „GEITURNAR ÞRJÁR“

Geiturnar þrjár er einfalt og stutt ævintýri sem er auðvelt að breyta í leik. Látið þrjú barnanna vera geitur og eitt eða fleiri af börnunum geta verið trölldi (t.d. með því að láta það vera marghöfða). Finnið eða búið til brú og hefjið leikinn. Söguna má finna á bókmenntalistanum undir annað lesefni á heimasíðunni.

aðrir bekkir geta sameiginlega búið til sérstakt andrúmsloft í kennslustofunni eftir að rökkvar. Til dæmis er hægt að elda saman norrænan mat, hlusta á „tröllega“ tónlist, haft upplestur eða horfa á einhverja af tröllumyndunum á kvikmyndalistanum.

TRÖLLADEIG

Það er einfalt og gaman að búa til trölladeig. Þá er hægt að leira flottar tröllafígúrir og leika sér með þær þegar þær koma úr ofninum. Uppskriftina er að finna undir efni á heimasíðunni. Annars væri hægt að búa til tröll úr plastmódeli eða úr steinum og ull sem maður límur saman.

NORRÆNT KVÖLD Eða NÓTT Í SKÓLANUM

Það er ansi sérstakt að vera í skólanum að kvöldi eða nóttu til. Bekkurinn og jafnvel



HUGMYNDALISTI

Í LJÓSASKIPTUNUM: SÓLARLAG

Það er nóvember.

*Kveikið á kertum, bakið
piparkökur, hellið upp á
könnuna. Í ljósaskiptunum
getum við notið þess besta
sem Norðurlöndin hafa upp
á að bjóða á veturna. Bætið
gjarnan öðru af listanum
við upplestrarstundina
og bíðið til norræna
kvölddagskrá! Þar sem
jólin eru að nálgast gæti
verið notalegt að tengja
norrænar jólahefðir við
upplesturinn eins og að
drekka glögg og baka
smákökur.*

NORRÆNT KVIKMYNDAKVÖLD

Aftast í hugmyndalistanum geturðu fundið lista yfir norrænar kvikmyndir með tröllum. Það gæti verið góð hugmynd að bæta kvikmyndakvöldi við upplesturinn og jólahefðirnar. ATH! Munið að leita upplýsinga fyrirfram um réttthafa og sýningarrétt á myndinni.

RITHÖFUNDAHEIMSÓKN

Skipuleggið rithöfundakvöld með þáttöku eins eða fleiri norrænna rithöfunda. Það er til dæmis hægt að byrja eða enda dagskrána á upplestri, eða umræðu um hvernig það er að vera rithöfundur. Hugsanlega væri hægt að



sameina rithöfundakvöldið skyndinámskeiði í skapandi skrifum.

FYRIRLESTUR

Það er hægt að biðja prófessor, lektor eða einhvern annan sem þekkir vel til þema ársins að halda fyrirlestur með útgangspunkt í því. Það gæti líka verið góð hugmynd að halda fyrirlestur um Norðurlöndin, norrænar bókmenntir, sögu Norðurlanda eða norðurlandamálin. Svo er hægt að biðja einhvern frá Norræna félaginu sem hefur mikla þekkingu á Norðurlöndunum að halda fyrirlestur eða skipuleggja dagskrá í samvinnu við félagsdeildir þess.

NORRÆNT HORN Á BÓKASAFNINU

Innréttið horn í bókasafninu með munum sem tengjast tröllum. Hægt er að hengja upp plakat ársins, stilla upp bókunum úr bókasafnavikunni eða öðrum norrænum bókmenntum, og kannski

bæta við tröllum, hlutum úr náttúrunni eða öðrum norrænum hlutum.

UPPLESTUR Á ÖÐRUM BÓKUM

Upplesturinn þarf ekki að ein-skorðast við þær norrænu bókmenntir sem hafa verið valdar til upplestrar á Norrænu bókasafnavikunni. Hægt er að leita í listanum yfir annað lesefni eða nota tækifærið og lesa upp úr því verki sem fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu.

NORRÆNT LEIKVERK

Setjið upp leikverk, gjarnan með innblástur frá bókunum á les-listanum, með áhugæða atvinnu-leikurum.

TÓNLEIKAR

Skipuleggið tónleika með norrænni hljómsveit eða listamanni. Það væri ekki verra ef tónlistin hæfði þemanu, annað hvort að innihaldi eða stemningu. Það má vera allt frá sígildri tónlist til þungarokks.

MYNDSKREYTING ÁRSINS

Myndskreytir ársins er myndlistamaðurinn og rithöfundurinn **BRIAN PILKINGTON**.

Hann er fæddur í Englandi en hefur búið á Íslandi undanfarin 38 ár. Brian hefur myndskreytt og gefið út tíu bækur um íslensk tröll og er hugfanginn af íslenskum þjóðsögum um tröll og jólin. Margar af bókunum hafa komið út á öðrum tungumálum.

Brian Pilkington hefur með myndskreytingu ársins fyrir Norrænu bókasafnavikuna tekist fanga kjarnann í upplestrardagskránni á sama tíma og það tengist þemanu **TRÖLL Á NORÐURLÖNDUM**. Á myndinni sést gamalt tröll sem miðlar upplestrarhefðinni áfram til ungu kynslóðarinnar á hrífandi hátt. Tröllabörnin hlusta af athygli á frásögnina og andlitin eru uppljómuð af birtu frá gólfinu.

Hér fyrir neðan geturðu lesið lýsingu Brians á hugmyndum hans um myndlist og þá sýn sem hann hafði á myndskreytinguna fyrir Norrænu bókasafnavikuna.

„Ég er fæddur í enska bænum Liverpool árið 1950 og hætti fjórtán ára í skóla vegna þess að ég átti kost á fimm ára lærlingasamningi til að verða teiknari. Eftir það ákvað ég að fara á þriggja ára bachelornámskeið í teikningu. Árið 1976 fór ég í mánaðarfrí til Íslands. Það var svo velheppnað að ég ákvað að ílengjast og leita mér að vinnu. Og vistin varð sífellt lengri.

Ég hef skrifað og myndskreytt fjölda barnabóka á þessum árum. Bækurnar eru fyrir börn á öllum aldri og fjalla um hinn yndislega íslenska þjóðsagnaheim. Alls eru þetta tíu tröllabækur.

Þjóðsögurnar um íslensku jólin eru dásamlegar og með eindæmum furðulegar. Þar eru þrettán jólasveinar sem rekja má til Grýlu, ógurlegrar tröllskessu sem étur óþekk börn í morgunmat. Þessi litskrúðugi heimur hefur orðið mér uppspretta fyrir tvær bækur um það efni og sú þriðja kemur út fyrir jólin 2014.

Tröll hafa verið gegnumgangandi þema allt frá því að fyrsta bókin mín kom út fyrir 35 árum,

svo þegar ég var beðinn um að gera plakát fyrir Norrænu bókasafnavikuna var ég afskaplega ánægður með að geta sýnt öllum þeim sem búa utan Íslands hvað ég get (en þeir eru víst ansi margir).

Verkið er unnið með vatnslitum og gouache á drapplitan pappír. Ég elska að leika mér með ljósið. Þessi mynd er lýst upp af einhvers konar kerti sem er á gólfinu rétt utan rammans.

Mér finnst það skapa notalega stemningu. Ég er afskaplega ánægður með útkomuna og vona að aðrir eigi líka eftir að njóta myndarinnar.“



HUGMYNDIR AÐ ÖÐRU LESEFNI

BÆKUR FYRIR UNGABÖRN

- » Monsterserien til Güettler, Helmsdal og Jónsdóttir (SV, FÆ, ISL).
- » Dynkur : sagan um tröllastrákinn sem óttaðist dagsbirtuna – Brian Pilkington (ISL).
- » Ruska : en kjærlighetshistorie fra Island – Brian Pilkington (ISL).
- » Njóla nátttröll býður í afmæli - Guðjón Sveinsson og Einar Árnason (ISL).
- » Skessur, skrímsli og furðudýr við þjóðveginn - Jón R. Hjálmarsson (ISL).
- » Tröllin í Esjuþalli - Lilja Sólrún Halldórsdóttir og Katrín Óskarsdóttir (ISL).
- » Sagan af Loðinbarða - Jóhanna Á. Steingrímsdóttir endursagði og Margrét E. Laxness (ISL).
- » Sagan om den underbara familjen Kanin- och godistrollet - Jonna Björnstjerna (SE).
- » Rölli ja metsänhenki - Ilkka Matila, Marja-Leena Hukkanen ja Miska Reimaluoto (FI).
- » Karius og Baktus - Thorbjørn Egner (NO).
- » Tambar er et troll, Tambar får en ny venn - Tor Åge Bringsværd (NO).
- » Bukkene Bruse vender tilbake - Bjørn F. Rørvik (NO).
- » Birger og de nye treskiene - Rita Johnsrud (NO).
- » Sagnet om trollveggen - Gunvor Rasmussen (NO).
- » Trollprinsen - Bjørn Ousland (NO).
- » Asbjørnsen & Moes eventyr. F.eks «Gutten som kappåt med trollet» (NO).
- » Troldelevbøkene - Sissel Bøe (DK).
- » Troldepusbøkene - Dine Skaftte Jespersen (DK).
- » Bukkene Bruse (på nordsamisk: Golbma bonki bohkká).
- » Niillas ja Báktestálu noaidelávži (Nils og Bergtrollets magiske reim) (SA).
- » Rölli ja kultainen avain - Taavi Vartia (FI).
- » Böckerna om Plupp – Inga Borg (SE).
- » Petter och hans fyra getter – Norelius (SE).
- » Tomtebobarnen - Beskow, Elsa (SE).
- » Trollets hjärta - Gunilla Borén (SE).
- » Eru tröll og huldufólk til? - Mia H. Smith og Th. M. Smith (FÆ).
- » Brúsajøkul - Óli Petersen Jens Pauli Heinesen (FÆ).

BÆKUR FYRIR ELDRI BÖRN OG UNGLINGA

- » Mummitrollbøkerne – Tove Jansson (FI).
- » Hulder - Tonje Tornes (NO).
- » Trollskallen - Alexander Løken (NO).
- » Odinsbarn – Siri Pettersen (NO).
- » Vindeltorn – Tone Almhjell (NO).
- » Stálu čiehká (Trollets skatt) (SA).



- » » Go stállu náidalii muorraguottuin (Da stalloon giftet seg med en trestokk) (SA).
- » » Staaloev viiehtih aske lea dállah (SA)
- » (Stalloer tror at månen er et bål) - 25 sørsamiske eventyr gjenfortalt av Kirsti Birkeland.
- » » Samiske beretninger, redigerte samiske eventyr og sagn (SA) - Brita Pollan.
- » » Augustinatt - Maud Mangold (SE).
- » » Svartskogen - Helena Bross (SE).
- » » Älvor, troll och talande träd : folktro om svensk natur - Ebbe Schön (SE).
- » » Trollkistan - Ebbe Schön og Bengt Arne Runnerström (SE).
- » » «Mitsivarniangads møde med kæmperne», «Kamikinak i kæmpernes land», «Grovædertroldene», «Fjeldgengeren Arnarsarsuak» fra Kujuarsiks rejse til månen. Eventyr fra Grønland - Ove Bak (GL).

BÆKUR FYRIR FULLORÐNA

- » » Mummitrollbøkene – Tove Jansson (FI). » Troll - Theodor Kittelsen. (NO).
- » » Troll og trollslekt. Faktabok. (NO).
- » » Peer Gynt - Henrik Ibsen (NO).
- » » “Trolldom” (novelle) fra: Kropp og sinn - Jan Grue (NO). » Ravstemmen – Henrik Petersen (DK).
- » » Underfors – Maria Turtshchaninof (FI).
- » » Ennen päivänlaskua ei voi - Johanna Sinisalo (2011) (FI). » Blant tomter och troll (SE).
- » » Troll och människor - Selma Lagerlöf (SE).
- » » Bortbytingen – Selma Lagerlöf. Novelle, finnes også som billedbok (SE).
- » » Skírnismál (ISL/Norrønt).
- » » Þjóðsögur - Jóns Árnasonar (ISL).
- » » Landið, fólkið og þjóðtrúin : kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi - Bjarni Harðarson (ISL).
- » » Ett gammalt bergtroll (dikt). Gustav Fröding (SE).
- » » Ormens väg på Hälleberget - Torgny Lindgren (SE).
- » » Peer Gynt - Henrik Ibsen (NO).
- » » Ennen päivänlaskua ei voi - Johanna Sinisalo (2011) (FI) Finnes bare på finsk og engelsk.

HUGMYNDIR AÐ KVIKMYNDUM

BÖRN

- » Mummitrollfilmene (FI).
- » Gutten som kappåt med trollet – Ivo Caprino (NO).
- » Rölliþeikko (FI).
- » Trolderik (DK).
- » Æsketroldene (DK).
- » Karius og Baktus (NO).

UNGMENNI

- » Trolljegeren (NO).
- » Det siste norske trollet (NO).
- » Troldefilmen Victor og Victoria (DK).
- » Ronja Røverdatter (SE).

FULLORÐNIR

- » Trolljegeren (NO).
- » Thale (NO).
- » Sumarlandið (ISL).
- » Moomin Tales: Heimildarmynd frá BBC um múmínálfana..
- » Trolld. Stuttmynd. (www.ekkofilm.dk/shortlist/film/trolld-/) (DK).

ATH! Við biðjum ykkur að athuga að það er á ábyrgð notandans að ganga úr skugga um reglur um réttthafa sem gilda við sýningu á kvikmyndum. Við vonum að listinn muni veita ykkur innblástur við upplestur og koma að notum við skipulagningu dagskrár! Kærar þakkir fyrir góð ráð og hugmyndir sem við höfum fengið frá bókasafnsfræðingum og starfsmönnum skóla. Þið getið líka farið á heimasíðuna okkar WWW.BIBLIOTEK.ORG og fengið frekari upplýsingar.